

Rekstraraðilar Bæjarbíós slf, kt 611116-0550 senda eftirfarandi beiðni til Bæjarráðs Hafnarfjarðar.
Vinsamlega staðfestið móttöku erindis.

BÆJAR-OG TÓNLISTARHÁTÍÐIN HAFNARFJARÐAR 2023

Sjöunda árið í röð er blásið til Bæjar-og tónlistarhátíðarinnar "Í Hjarta Hafnarfjarðar". Í ár sem fyrr erum við stórhuga, þó ekki jafn stórhuga og í fyrra þegar hátíðin stóð í 12 vikur. Við fengum dýrmæta reynslu og teljum að hátíðin hafi verið u.þ.b rúmlega mánuði of löng. Rekstraraðilar sækja því um leyfir til að halda hátíðina frá 29.júní til 6. Ágúst 2023.

Líkt og í fyrra verður opið útisvæði samhliða viðburðum og óskum við eftir því að fá að nýta útisvæði á Mathiesen torgi og hluta bílastæða aftan við Bæjarbíó frá mánudagmorgni 19. júní frá kl 10:00 til miðvikudagsins 9. ágúst. kl 16:00. Dagarnir fyrir 29. Júní og eftir 6. Ágúst eru til að setja upp svæðið og taka það niður.

Einnig förum við þess á leit að mega loka göngustíg aftan við Bæjarbíó á sama tíma líkt og gert hefur verið undanfarin ár.

Umgjörð Hjarta Hafnarfjarðar verður þannig að bæði verða tónleikar inni í Bæjarbíói og svo dagskrá allar helgar í útitjaldinu frá fimmtudegi til og með laugardags. Á miðvikudögum erum við að freista fyrirtækja að koma með einkasamvæmi í útitjaldið en þá verðu öll dagskrá búin kl 20:30

Á meðal þeirra sem koma fram eru (Þetta er ekki tækmandi listi)

- BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
- KLARA ELÍASAR
- PAPAR
- JÓN JÓNSSON
- STUÐMENN
- Á MÓTI SÓL
- BRÍET ÁSAMT HLJÓMSVEIT
- SÓLI HÓLM
- JÚLLADISKÓ
- BROT AF ÞVÍ BESTA
- EYÞÓR INGI OG DAVÍÐ SIGURGEIRSSON
- GUÐRÚN ÁRNÝ
- STUÐLABANDIÐ
- SIGURÐUR GUÐMUNDSSON ÁSAMT HLJÓMSVEIT

Á svæðinu verður 180fm útitjald með sætum fyrir um 200 manns, Einnig verður bætt við 225 fm² tjaldi á miðju planinu sem við nýttum í fyrra. Það gefur okkur færi á að fleiri geti settið inni í tjaldi og notið hátíðarinnar. Björgámurinn verður á sínum stað ásamt því sem verið er að ganga frá því að bjóða upp á eitthvað matarkyns á útisvæðinu alla daga sem verður opið. Kjötkompaní hefur boðað komu sína með kjötkveðjuhátíð og fleiri uppkomur eru í farvatninu. Þrátt fyrir að við bætum við einu tjaldi þá verða borð undir berum himni fyrir sólardagana, sem verða vonandi sem flestir Salernisvagn verður einnig staðsettur á hluta bílastæðis við enda Mathiesen torgs

Svæðið verður upplýst og búin verður til skemmtileg stemmning í miðbænum. Öflug gæsla er á svæðinu og verður vaktað með öfluggu myndavélakerfi á næturnar þegar svæðið er lokað.

Í viðhengi er svæðið teiknað með öllu ofantöldu inn á.

Í útitjaldinu verða skemmtiatriði reglulega um helgar á meðan svæðið er starfandi Útisvæðið er opið frá kl 12:00 samhliða viðburðum.

Hugmyndin er að hafa útisvæðið opið á eftirfarandi tímum:

Miðvikudaga - til kl 21:00 (hugsað sem lokaðir viðburðir fyrirtækja

fimmtudaga -til kl 23:00

föstudaga -til kl -23:00

laugardaga - til kl 23:00

F.h rekstraraðila Bæjarbíós slf
Páll Eyjólfsson
Pétur O Stephensen